

## Fréttatilkynning frá ÓFEIGU náttúruvernd 26. nóvember 2019

Myndefni á næstu síðum

### Hvalárvirkjun mun rýra víðerni Ófeigsfjarðarheiðar um 45-48%

Nákvæm kortlagning vísindamanna við háskólann í Leeds á óbyggðum víðernum Ófeigsfjarðarheiðar sýnir að mannvirki Hvalárvirkjunar myndu rýra þessi víðerni um 45-48,5%.

Náttúruverndarsamtökin ÓFEIG fengu rannsóknarsetrið Wildland Research Institute (WRi) við háskólann í Leeds til að ráðast í kortlagninguna síðastliðið sumar. WRi hefur þróað nákvæmar stafrænar aðferðir til að kortleggja og skilgreina víðerni, mun nákvæmari en beitt hefur verið víðast hvar.

Þeir dr. Stephen Carver og Oliver Kenyon hjá WRi kynntu niðurstöðu rannsóknarinnar á fundi ÓFEIGAR náttúruverndar í dag. Í máli þeirra kom fram að kortlagning víðernanna byggist á greiningu á stafrænum þrívíðum landupplýsingagögnum, landnotkun, fjarlægð frá mannvirkjum og aðgangsstöðum vélknúinna farartækja. Gögnin eru notuð til að greina með mikilli nákvæmni sýnileika mannvirkja sem geta haft áhrif á víðernaupplifun. WRi hefur þróað forrit til þessarar greiningar sem byggir á svipuðum aðferðum og forrit tölvuleikja.

Markmið kortlagningar WRi fyrir ÓFEIGU er að meta heildaráhrif fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar á víðernaupplifun á Ófeigsfjarðarheiði og nágrenni. Með Hvalárvirkjun er fyrirséð að mannvirki myndu skerða þessa upplifun og var ákveðið að fá WRi til að kortleggja víðernin og greina áhrif virkjunarinnar.

Skerðing víðerna af völdum Hvalárvirkjunar fælist í aðkomuvegum fyrir þungavinnuvélar, öðrum nýjum vegum, stíflum, yfirföllum, lónstæðum, skurðum, raflínnum og stöðvarhúsi. Ennfremur minnkandi rennsli í Rjúkandi, Hvalá og Eyvindarfjarðará ásamt samsvarandi áhrifum á fossa á svæðinu. Áhrifin á fossana eru hins vegar ekki tekin með í mælingum WRi.

Niðurstaða greiningarinnar tekur af öll tvímæli um að áform um Hvalárvirkjun hafa verulega neikvæð áhrif á heildstæða víðernaupplifun Ófeigsfjarðarheiðar og næsta nágrennis.

#### Um Wildland Research Institute

Wildland Research Institute (WRi) við háskólann í Leeds hefur unnið að þróun ítarlegrar kortlagningar á víðernum í samráði við skosk stjórnvöld, meðal annars í þjóðgörðum og óbyggðum víðernum. Byggt er á landupplýsingum í hárrí upplausn til að meta landfræðilegt umfang áhrifa og er m.a. metið hvort áhrif eru mikil eða lítil með tilliti til fjarlægðar. Sem dæmi má nefna að hús er ekki aðeins metið út frá staðsetningu, heldur hefur hæð þess áhrif á hversu langt sjónrænu áhrifin ná. Lágt hús eða hús sem stendur í dæld hefur þannig minni sjónræn skerðingaráhrif en hátt hús eða hús sem stendur á hæð.

Til viðbótar við kortlagningu á víðernaskerðingu af völdum Hvalárvirkjunar kortlagði WRi öll sjónræn áhrif mannvirkjanna á svæðinu, þ.e. hvaðan sést til þeirra. Þau áhrif eru mun umfangsmeiri en aðeins skerðing óbyggðra víðerna (sjá kort).

Wildland Research Institute er sjálfstæð fræðastofnun með sérþekkingu á víðernum, stefnumótun, kortlagningu og landslagsmati. Aðferðafræði og forrit WRi hefur einkum verið þróuð í tengslum við kortlagningu í skoskum þjóðgörðum og annast WRi ráðgjöf til skosku ríkisstjórnarinnar á þessu sviði. Að auki er WRi meðhöfundur víðernakortlagningar Evrópusambandsins og aðstoðar Alþjóða

náttúruverndarstofnunina (IUCN) við kortlagningu víðernagæða í Frakklandi. WRi hefur einnig unnið með þjóðgarðastofnun Bandaríkjanna og unnið að mati á víðernagæðum í Kína.


### **Óbyggð víðerni**

Í náttúruverndarlögum er svohljóðandi skilgreining á óbyggðum víðernum: „Óbyggt víðerni: Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km<sup>2</sup> að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.“

Tölulegu viðmiðin eru fyrst og fremst til leiðbeiningar og nálgun þeirra skilar fremur grófum niðurstöðum. Með nákvæmum kortlagningaraðferðum á borð við þær sem WRi framkvæmir er hægt að skilgreina óbyggð víðerni út frá raunverulegum aðstæðum á hverjum stað.

Víðernagreiningar í Evrópu hafa sýnt að 1% af „villtustu“ óbyggðum víðernum Evrópu ná yfir tæpa 57 þúsund ferkílómetra. Þar af eru 24 þúsund ferkílómetrar þessa eina prósentis á Íslandi, eða 42% af „villtustu“ víðernum álfunnar. Með skilgreiningunni „villtustu“ er átt við víðerni sem eru hvað lengst frá öllum mannvirkjum eða aðgangsstöðum vélknúinna farartækja.

Næstu síður: nokkur kort Wildland Research institute




### Legend

#### Elevation (m)




Sources: ArcticDEM, Nýtjaland Forsiða, © OpenStreetMap contributors, Landsat imagery courtesy of NASA Goddard Space Flight Center and U.S. Geological Survey and Based on data from National Land Survey of Iceland

Svæðið sem tekið var til athugunar markast af rauðu línunum, allt frá Hornströndum til Steingrímsfjarðar. Mynd 1.1




**Legend**

**Perceived Naturalness**




Sources: ArcticDEM, Nýttjaland Forsiða, © OpenStreetMap contributors, Landsat imagery courtesy of NASA Goddard Space Flight Center and U.S. Geological Survey and Based on data from National Land Survey of Iceland

Grunnkort sem sýnir það sem WRi kallar „perceived naturalness“ svæðisins. Það má þýða sem náttúruleg ásýnd lands.




### Legend

#### Visual Impact




Sources: ArcticDEM, Nýttjaland Forsiða, © OpenStreetMap contributors, Landsat imagery courtesy of NASA Goddard Space Flight Center and U.S. Geological Survey and Based on data from National Land Survey of Iceland

Sýnileiki mannvirkja fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar á óbyggð víðerni Ófeigsfjarðarheiðar og nágrennis.  
Mynd 5.5.



**Legend**


**Wilderness Quality Degradation**



Sources: ArcticDEM, Nýttjaland Forsíða, © OpenStreetMap contributors, Landsat imagery courtesy of NASA Goddard Space Flight Center and U.S. Geological Survey and Based on data from National Land Survey of Iceland

Rýrnun víðernagæða af fyrirhugaðri Hvalárvirkjun. Mynd 5.19.





0 10 20 40 Kilometers


**Legend**

**Wilderness Classification**

- Core
- Buffer
- Edge

Sources: ArcticDEM, Nyttjaland Forsiða, © OpenStreetMap contributors, Landsat imagery courtesy of NASA Goddard Space Flight Center and U.S. Geological Survey and Based on data from National Land Survey of Iceland

Víðernagreining svæðisins í dag, skipt eftir fjarlægð frá áhrifum á víðernaupplifun. Kjarninn er það svæði sem er lengst frá mannvirkjum eða aðgangsstöðum vélknúinna farartækja (vegir, bryggjur og landingarstaðir báta). Mynd 5.21.



0 10 20 40 Kilometers

**Legend**


**Wilderness Classification**

- Core
- Buffer
- Edge

Sources: ArcticDEM, Nýttjaland Forsiða, © OpenStreetMap contributors, Landsat imagery courtesy of NASA Goddard Space Flight Center and U.S. Geological Survey and Based on data from National Land Survey of Iceland


Breytt víðernagreining ef Hvalárvirkjun verður að veruleika. Mynd 5.22.





**Legend**

**Visual Impact of Proposed Plant**



▲ Visible Peaks

Sources: ArcticDEM, Nýjaland Forsíða, © OpenStreetMap contributors, Landsat imagery courtesy of NASA Goddard Space Flight Center and U.S. Geological Survey and Based on data from National Land Survey of Iceland

Heildar sjónræn áhrif mannvirkja fyrirhugaðrar Hvalárvirkjunar, þ.e. hvaðan sést til þeirra, jafnt af láglandi, heiðum og tindum. Þau áhrif eru mun umfangsmeiri en aðeins skerðing óbyggðra víðerna. Mynd 6.1.